

JHBS/dk

Reykjavík, 17. apríl 2012

Stjórn Ákærendafélags Íslands hefur borist til umsagnar, með rafpósti allsherjarnefndar Alþingis, dags. 12. þ.m., frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, 137. mál, heimild til upptöku ólögmeats ávinnings.

1. gr.

Um 1. málsl.:

Lagt er til að orðalagið „handhafi ákæruvalds“ falli út en í stað þess komi orðalagið „ákærandi“. Með þessu er gætt betra samræmis við III. kafla laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, varðandi hugtakanotkun. Hugtakið ákærandi var tekið upp í lög nr. 88/2008 sem yfirhugtak um þá sem fara með ákæruvald og var þá vikið frá eldra hugtaki, „handhafi ákæruvalds“ í þágildandi lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

Um 2. málsl.:

Óljóst er af orðalagi ákvæðisins hvort mál til upptöku eins og um „eignardómsmál“ væri að ræða skuli höfða sem sakamál eða einkamál. Málshöfðunar-umboð ákærenda er afmarkað við meðferð sakamála, sbr. 1. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Ríkislögmaður fer almennt með einkamál fyrir dómstólum, þ.m.t. eignardómsmál þegar íslenska ríkið er sóknaraðili, nema sjálfstætt starfandi lögmonnum er falið að fara með slík mál í umboði ríkisins. Af greinargerð verður ráðið að ákæruvaldinu sé ætlað að fara með mál af þessu tagi fyrir dómstólum. Af þeim ástæðum þarf að breyta orðalagi ákvæðisins og taka fram að mál skuli reka sem sakamál. Lagt er til að orðalag málsliðarins verði svohljóðandi: „Málið skal höfða samkvæmt lögum um meðferð sakamála.“

Um 3. málsl.:

Engar athugasemdir.

2. gr.

Engar athugasemdir.

Ákærendafélag Íslands telur nauðsynlegt að leitað verði umsagnar refsiréttarnefndar og réttarfarsnefndar innanríkisráðuneytisins áður en frumvarpið verður afgreitt úr allsherjar- og menntamálanefnd. Telja verður að það sé liður í vandaðri þinglegri meðferð málsins

en miklu máli skiptir að vandað sé til lagasetningar sem þessarar þar sem um er að ræða nýmæli og verulegt frávik frá gildandi löggjöf og norrænum lögum á sviði refsiréttar um eignaupptöku.

Ákærendafélag Íslands vísar að öðru leyti til umsagnar ríkissaksóknara, dags. 21. maí 2010, vegna 547. máls á 138. löggjafarþingi (erindi nr. Þ 138/2524), þ.m.t. að telja verður að vafi leiki á því að þörf sé á þeirri lagabreytingu sem að væri stefnt með frumvarpinu vegna nýlegra breytinga á upptökukafli almennra hegningarlaga, VII. A., sbr. lög nr. 149/2009.

Fyrir hönd Ákærendafélags Íslands,

Jón H. B. Snorrason, formaður

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík